

Nr 2

ÁKÆRA

Saksóknari við embætti héraðssaksóknara

gerir kunnugt

að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur gegn

Hreiðari Má Sigurðssyni, kt. 191170-5719, með lögheimili í Lúxemborg,
og

Guðnyju Örnú Sveinsdóttur, kt. 090266-3069, með lögheimili í Sviss,

fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum og lögum um verðbréfaviðskipti:

I

a

Á hendur ákærða Hreiðari Má, þáverandi forstjóra Kaupþings banka hf., kt. 560882-0419, Borgartúni 19 í Reykjavík, fyrir umboðssvik með því að hafa í ágúst 2008 misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í verulega hættu þegar hann létt bankann veita einkahlutafélaginu Hreiðar Már Sigurðsson, kt. 500506-1990, sem var í eigu og laut stjórna ákærða, eingreiðslulán að fjárhæð 574.520.995 krónur, án þess að fyrir lægi samþykki stjórnar bankans fyrir lálinu og án fullnægjandi trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins, einkum þar sem einu tryggingarnar að baki lálinu, allir hlutir einkahlutafélagsins í Kaupþingi banka hf., stóðu einnig sem veð fyrir öllum öðrum og eldri skuldum félagsins við bankann og veittu ekki nægilegt veðrými til hinnar nýju lánveitingar samkvæmt reglubók bankans og samningi um lánveitinguna, dags. 11. ágúst 2008. Einnig vissi ákærði, eða hlaut að vita, að fyrrgreindir hlutir í Kaupþingi banka hf. gátu á þessum tíma ekki talist fullnægjandi sem einu tryggingarnar fyrir lálinu. Lálinu var ráðstafað til að fjármagna að fullu kaup einkahlutafélagsins af ákærða á 812.000 hlutum í bankanum 6. ágúst 2008 fyrir 704 krónur á hlut, eða fyrir samtals 571.648.000 krónur, en þá sömu hluti keypti ákærði sama dag í eigin nafni samkvæmt kauprétti fyrir 303 krónur á hlut, eða fyrir samtals 246.036.000 krónur. Greiðsla að fjárhæð 324.000.000 krónur, eða sem nam um það bil mismun á síðastgreindum tveimur fjárhæðum, rann 19. ágúst 2008 af bankareikningi (sjóðsbók) nr. 0329-26-446728, sem tengdur var vörlusufni ákærða hjá Kaupþingi banka hf., inn á bankareikning ákærða nr. 301-13-302818 hjá sama banka og stóð ákærða eftir það til frjálsrar ráðstöfunar.

Lánið var á gjalddaga 11. ágúst 2011. Einkahlutafélagið var tekið til gjaldþrotaskipta 13. apríl sama ár. Arion banki hf., kt. 581008-0150, sem þá var orðinn kröfuhafi vegna lánsins, lýsti kröfu við búskiptin að fjárhæð samtals 819.258.433 krónur með áföllnum vöxtum og kostnaði. Upp í kröfuna greiddust 1.612.170 krónur við úthlutun úr búi einkahlutafélagsins. Skiptum lauk 24. janúar 2014 og var einkahlutafélagið afskráð 30. sama mánaðar. Eftirstöðvar lánsins má því telja að fullu glataðar.

Brot þetta telst varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

b

Á hendur ákærðu Guðnyju Örnú, þáverandi fjármálastjóra Kaupþings banka hf., fyrir hlutdeild í umboðssvikum ákærða Hreiðars Más sem lýst er í ákærukafla I-a með því að hafa veitt liðsinni

*Pax et regn Jimi Jim
pim*

í verki við að koma þeim fram, einkum með fyrirmælum og samskiptum við lægra setta starfsmenn bankans síðari hluta ágústmánaðar 2008 um uppgjör og frágang vegna þeirra verðbréfaviðskipta og lánveitingar til einkahlutafélags ákærða Hreiðars Más, Hreiðar Már Sigurðsson ehf., sem lýst er í ákærukafla I-a. Ákærða vissi eða gat ekki dulist að tryggingar fyrir lánveitingunni til einkahlutafélagsins væru ófullnægjandi og hafði meðal annars upplýsingar um að tryggingastaða þess gagnvart bankanum vegna fyrri lánveitinga bankans til þess væri þá þegar ófullnægjandi og að frekari tryggingar teldust vanta fyrir skuldum þess við bankann. Ákærða gaf einnig fyrirmæli um útgreiðslu á lánsfjárhæðinni að frádegnum kostnaði til einkahlutafélagsins 21. ágúst 2008 en það var áður en samningur vegna lánsins hafði verið frágenginn og undirritaður. Í ljósi allra aðstæðna og atvika gat ákærðu ekki dulist að lánveitingin til einkahlutafélagsins væri óheimil og til þess fallin að valda bankanum verulegri fjártjónshættu.

Brot þetta telst varða við 249. gr., sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II

Á hendur ákærða Hreiðari Má fyrir innherjasvik með því að hafa 6. ágúst 2008 selt 812.000 hluti í Kaupþingi banka hf., sem hann keypti í eigin nafni sama dag, til einkahlutafélagsins Hreiðar Már Sigurðsson, kt. 500506-1990, sem var í eigu og laut stjórn ákærða, fyrir 571.648.000 krónur þrátt fyrir að hafa þá búið yfir innherjaupplýsingum um Kaupþing banka hf. sem hann varð áskynja um í starfi sínu sem forstjóri þess banka og lutu að því að skráð markaðsverð hlutabréfa í bankanum gaf á þessum tíma ranga mynd af verðmæti þeirra og hæri en efni stóðu til, vegna langvarandi og stórfelldrar markaðsmisnotkunar með hlutabréf í bankanum sem þá hafði staðið yfir að minnsta kosti frá nóvember 2007 og ákærði átti þátt í.

Brot þetta telst varða við 1. tölulið 1. mgr. 123. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 146. gr. sömu laga.

III

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Röksemadir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.

1 Röksemadir fyrir ákærukafla I-a

Í ákærukafla I-a er ákærða Hreiðari Má gefið að sök hafa framið umboðssvik við þá lánveitingu til félags hans Hreiðar Már Sigurðsson ehf. sem þar er lýst.

1.1 Helstu atvik

Eins og fram kemur í ákærukaflanum var lánið veitt í tengslum við nýtingu ákærða á kauprétti hans að hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. 6. ágúst 2008. Pennan dag keypti ákærði í eigin nafni 812.000 hluti í bankanum á genginu 303 krónur á hlut eða fyrir samtals 246.030.000 krónur. Nýting kaupréttarins var að frumkvæði og samkvæmt ósk ákærða sjálfs. Greiðsla fyrir þessi hlutabréfakaup ákærða, samtals að fjárhæð 246.774.458 krónur að meðtoldum kostnaði, var skuldfærð á bankareikning (sjóðsbók) nr. 0329-26-446728 sem tengdur var vörlusufni ákærða hjá bankanum. Var sú færsla miðuð við 11. ágúst 2008. Við þá skuldfærslu varð staða bankareikningsins neikvæð um 246.762.504 krónur.

Sama dag og ákærði keypti þessa hluti í Kaupþingi banka hf., 6. ágúst 2008, seldi hann þá alla einkahlutafélagi sínu, Hreiðar Már Sigurðsson ehf., (hér eftir HMS ehf.). Salan fór fram á markaðsgengi hlutabréfa í bankanum sem þá nam 704 krónum á hlut eða fyrir 571.648.000 krónur. Greiðsla félagsins fyrir þau hlutabréfakaup, samtals að fjárhæð 571.648.350 krónur að meðtöldum kostnaði, var skuldfærð á bankareikning (sjóðsbók) nr. 0329-26-484123 sem tengdur var vörlususafni félagsins hjá bankanum. Var sú færsla miðuð við 13. ágúst 2008. Við þá skuldfærslu varð staða þess bankareiknings neikvæð um 571.296.913 krónur. Á hinn bóginn var greiðslan að frádregnum kostnaði, samtals 571.647.650 krónur, eignfærð miðað við sama dag á fyrrnefndan bankareikning (sjóðsbók) nr. 0329-26-446728 sem tengdur var vörlususafni ákærða hjá bankanum. Við þá eignfærslu varð staða þess bankareiknings jákvæð um 324.885.146 krónur. Hinn 19. ágúst 2008 var nær öll sú fjárhæð, eða 324.000.000 krónur, millifærð út af þeim bankareikningi og inn á bankareikning ákærða nr. 301-13-302818 hjá Kaupþingi banka hf. Þar sem fjárhæðin stóð eftir það ákærða til frjálsrar ráðstöfunar.

Inn á fyrrnefndan bankareikning nr. 0329-26-484123 sem tengdur var vörlususafni HMS ehf. hjá Kaupþingi banka hf. runnu 21. ágúst 2008 571.648.350 krónur af fjármunum bankans og jöfnuðu út áðurnefnda neikvæða stöðu á þeim bankareikningi. Á næstu vikum voru ákveðin kjör og útbúinn samningur um áðurnefnt lán frá bankanum til félagsins að fjárhæð 574.520.955 krónur. Sá samningur var á óvissu síðara tímamarki undirritaður af fulltrúa bankans og ákærða fyrir hönd félagsins og dagsettur 11. ágúst 2008. Samkvæmt lánnsamningnum og viðauka við hann stóðu til tryggingar greiðslu skuldarinnar alls 8.047.239 hlutir í Kaupþingi banka hf. sem félagið átti. Ekki var um aðrar tryggingar að ræða.

Ekki verður séð af gögnum og framburðum í málinu að nein tillaga um lánveitingu til ákærða eða HMS ehf. vegna þess láns og viðskipta sem ákærukafli I-a varðar hafi verið lögð fyrir stjórn Kaupþings banka hf., hvað þá hlotið samþykki hennar. Samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálaþyrtækni, var samningur fjármálaþyrtækis um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti við framkvæmdastjóra háður samþykki stjórnar fyrirtækisins og skyldi ákvörðun um slikt bókuð. Lagagreinin er enn efnislega óbreytt að þessu leyti.

1.2 Nánar um kauprétt ákærða og tengdar lánveitingar Kaupþings banka hf.

Með samþykkt aðalfundar Kaupþings banka hf. 27. mars 2004 voru ákærða og stjórnarformanni bankans veittir kaupréttir að hlutabréfum í bankanum, þess efnis að ákærði og stjórnarformaðurinn skyldu eiga rétt á að kaupa 812.000 hluti í bankanum árlega í fimm ár. Kaupréttarverðið skyldi vera markaðsverð hluta í bankanum á degi fyrsta tilboðs. Reyndist það við fyrstu kaup þeirra samkvæmt kaupréttunum vera fyrrnefnt gengi, 303 krónur á hlut. Fram kom einnig í aðalfundarsamþykktinni, sem tók til fleiri starfsmanna bankans en ákærða og varðaði almenna stefnu bankans að þessu leyti, að stefna bankans væri að bjóða starfsmönnum lán samkvæmt almennum reglum til að fjármagna hlutabréfakaup í bankanum og var stjórn bankans falin framkvæmd þeirrar stefnu.

Ákærði nýtti sér umræddan kauprétt fyrir hvert ár frá og með veitingu hans til ársins 2008. Þar af keypti hann árið 2006 tvöfalt magn hluta, þ.e. 1.624.000 hluti, og virðist þá hafa nýtt sér samanlagðan kauprétt fyrir árin 2005 og 2006 enda hefur ekkert komið fram um að ákærði hafi átt kaup á grundvelli kaupréttarins á fyrrnefndu árinu. Fyrsta árið, 2004, keypti ákærði og átti hlutina persónulega og fékk jafnframt persónulega lánað fyrir þeim. Öll síðari kaup ákærða á grundvelli þessa kaupréttar fram að þeim viðskiptum sem ákærðan varðar, það er fyrir árin 2005, 2006 og 2007, voru þannig að hann keypti hlutina í eigin nafni en framseldi þá jafnóðum til HMS ehf. Það félag stofnaði ákærði í byrjun maí 2006 í samræmi við heimild sem stjórn bankans veitti honum skömmu áður til að stofna einkahlutafélag um hlutafélagi hans í

banknum en samkvæmt gögnum málsins var ákærði stofnandi, eini eigandi og sat einn í stjórn HMS ehf. frá stofnun félagsins og á öllum þeim tíma sem hér hefur þýðingu. Ekki verður séð að neitt sérstakt endurgjald fyrir hlutabréfin hafi runnið frá féluginu til ákærða hverju sinni. Félagið fékk á hinn bóginn lánað hjá Kaupþingi banka hf. fyrir viðkomandi kaupum sem ákærði hafði átt í eigin nafni. Í öllum tilvikum miðuðust lánveitingar bankans til ákærða eða félags hans í tengslum við þessi kaupréttarviðskipti í meginatriðum við kaupverð hlutanna á kaupréttargenginu 303.

Með þeim kaupréttarviðskiptum ákærða og lánveitingu Kaupþings banka hf. til HMS ehf. sem lýst er í ákærukafla I-a og í röksemendum þessum gerðist það hins vegar í fyrsta sinn að HMS ehf. fékk lán frá bankanum fyrir kaupum hlutabréfanna af ákærða miðað við markaðsvirði bréfanna á þeim tíma eða 704 krónur á hlut. Andvirði þess láns rann svo annars vegar til þess að gera upp um 246 milljóna króna skuld ákærða við bankann út af kaupum hans í eigin nafni á genginu 303 og hins vegar til þess að greiða ákærða út gengishagnað að fjárhæð um 324 millijónir króna vegna samhliða sölu hans á hlutunum til félagsins á genginu 704.

1.3 Um heimfærslu til refsíákvæða

Hugtaksskilyrði umboðssvika eru almennt talin í fyrsta lagi að gerandi hafi verið í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, í öðru lagi að hann hafi misnotað þá aðstöðu og í þriðja lagi að sýnt sé fram á fjártjón eða verulega fjártjónshættu af verknaði geranda.

1.3.1 Aðstaða til að skuldbinda Kaupþings banka hf.

Ákærði var forstjóri Kaupþings banka hf. þegar viðskipti samkvæmt ákærukafla I-a áttu sér stað og hafði gegnt þeirri stöðu frá árinu 2003. Hann var því æðsti starfsmaður bankans og svaraði einungis til stjórnar hans vegna stárfa sinna. Ákærði átti einnig sæti í stjórn bankans og í mikilvægum lánanefndum hans, annars vegar lánanefnd stjórnar bankans (e. *Board Credit Committee, BCC*), æðstu lánanefnd Kaupþings, og hins vegar lánanefnd samstæðu (e. *Group Credit Committee, GCC*). Þá var skipulagi og framkvæmd lánveitinga bankans til eigin starfsmanna vegna hlutafjárkaupa þeirra í bankanum sjálfum almennt þannig háttáð að ákærði fór sem forstjóri með þau málefni fyrir hönd stjórnar bankans og kom við meðferð þeirra jafnan fram fyrir hönd bankans gagnvart viðkomandi starfsmönnum. Fyrir utan að vera almennt samkvæmt stöðu sinni í aðstöðu til að skuldbinda bankann var ákærði þannig einnig í sérstakri aðstöðu til að fara með og ráða til lykta málum varðandi lánveitingar starfsmanna bankans vegna hlutafjárkaupa þeirra í bankanum sjálfum.

1.3.2 Misnotkun á aðstöðu

Enginn starfsmaður Kaupþings banka hf. hafði að lögum eða samkvæmt innri reglum og samþykktum bankans ríkari eða skyrari trúnaðarskyldur við stjórn bankans en ákærði. Sérstaklega hlaut það að gilda um málefni þar sem ákærði átti sjálfur hagsmunu að gæta og þá ekki síst þegar um var að tefla beina lánveitingu bankans í þágu ákærða sjálfs sem þar að auki vék í grundvallaratriðum frá eðli og umfangi fyrri lánveitinga bankans við nýtingu ákærða á samsvarandi kauprétti árin á undan og hafði í för með sér innlausn ákærða á mjög miklum gengishagnaði vegna hlutabréfaviðskipta sem lánveitingin tengdist. Einig skiptir hér máli við hvaða aðstæður og á hvaða tíma háttsemi ákærða átti sér stað. Í ágúst 2008 hafði verð hlutabréfa í bankanum fallið mikið frá síðustu lánveitingu bankans til einkahlutafélags ákærða um það bil ári fyrr með þeim augljósu áhrifum á veð fyrir útistandardi skuldum félagsins við bankann, sem námu þá rúnum 5 milljörðum króna og voru einungis tryggðar með hlutum í bankanum sjálfum, að veðþekja félagsins var komin langt niður fyrir tilskilin mörk samkvæmt reglubók bankans (e. *Internal Control and Procedural Handbook*, samþykkt 27. september 2007 af stjórn Kaupþings banka hf.) og lánssamningum félagsins við bankann.

Líkt og áður kom fram var umrædd lánveiting til einkahlutafélags ákærða aldrei borin undir stjórn Kaupþings banka hf., þrátt fyrir skýra skyldu til þess samkvæmt 1. mgr. 57. gr. laga um fjármálfyrirtæki, og raunar ekki neinn annan aðila innan bankans. Þar var um að ræða vanrækslu ákærða, einkum þá í ljósi framangreindrar aðstöðu hans og þess að ákærði naut sjálfur góðs af lánveitingunni með þeim hætti sem áður var rakið. Veiting lánsins var einnig í ósamræmi við lánareglur bankans (sbr. hér á eftir um verulega fjártjónshættu) sem og þá fyrri framkvæmd sem jafnan hafði verið fylgt við lánveitingar bankans í þágu ákærða.

Í símtali við verðbréfamíðlara hjá Kaupþingi banka hf. 6. ágúst 2008 gaf ákærði sjálfur fyrirmæli um sölu þeirra 812.000 hluta í bankanum, sem hann var þá í þann mund að kaupa samkvæmt kauprétti á genginu 303 krónur á hlut, til félags hans HMS ehf. sem og fyrirmæli um það að salan til félagsins skyldi fara fram á markaðsgengi hlutabréfa í bankanum þann dag, sem var 704 krónur á hlut. Af gögnum málsins, og með hliðsjón af þeirri framkvæmd sem verið hafði árin áður á nýtingu ákærða á þessum kauprétti og lánveitingum bankans til hans og HMS ehf. af því tilefni, sbr. fyrri umfjöllun, má telja ljóst að ákærði gaf fyrirmæli um sölu hlutabréfanna til félags síns með þeirri vissu að bankinn myndi fjármagna kaupin fyrir félagið.

Með þeirri háttsemi sem lýst er í ákærukaflanum, sbr. það sem hér var rakið, þykir ákærði hafa misnotað gróflega framangreinda aðstöðu sína hjá bankanum. Þá má telja ljóst samkvæmt því sem áður var rakið um hagnað af þessum viðskiptum að misnotkun ákærða á aðstöðu hans hjá bankanum hafi verið í auðgunarskyni.

1.3.3 Veruleg fjártjónshætta

Eftirtalin atriði þykja einkum hafa þýðingu við mat á því hvort veruleg fjártjónshætta fyrir Kaupþing banka hf. hafi skapast vegna þeirrar lánveitingar sem lýst er í ákærukaflanum (hér eftir jafnan: lánveitingin eða lánið):

Lánveitingin var ekki í samræmi við ákvæði reglubókar bankans, einkum þá um lágmarks veðþekju fyrir útlánum. Samkvæmt þeim skyldi ekki meta verðbréf fullu (á markaðsvirði) sem tryggingar fyrir lánum. Frádrag (e. haircut) við veðsetningu hlutabréfa skyldi almennt vera 33% frá markaðsvirði þeirra en 15% fyrir hlutabréf skráð í helstu kauphallarvísítölum og 25% fyrir hlutabréf skráð á viðurkenndum mörkuðum. Lágmarksveðþekja við veðsetningu hlutabréfa samkvæmt þessu var því að meginreglu 149% en 117% fyrir hlutabréf skráð undir helstu kauphallarvísítölum. Í grein 5.1 í samningi um lánveitinguna, dags. 11. ágúst 2008, milli Kaupþings banka hf. og Hreiðars Más Sigurðssonar ehf. var kveðið svo á um veðþekju samningsins: „Veðhlutfall samningsins, þ.e. markaðsverðmæti trygginga skv. gr. 5.1 deilt með eftirstöðvum skuldarinnar á hverjum tíma, skal á hverjum tíma vera að lágmarki 150%“. Að auki var kveðið á um að færi veðþekjan niður fyrir 120% í samtals 5 bankadaga samfleytt skyldi lántaki, að fenginni tilkynningu bankans, leggja fram frekari tryggingar þannig að veðþekjan næði aftur 150%. Til tryggingar skuldinni setti félagið bankanum að handveði samkvæmt gr. 5.1 í lánssamningnum, og einnig sérstökum viðauka við fyrirliggjandi handveðssamning félagsins við bankann, alls 8.047.239 hluti í Kaupþingi banka hf. sem félagið átti. Ekki var kveðið á um aðrar tryggingar. Svo stóð hins vegar á að sömu hlutir félagsins stóðu einnig til tryggingar öllum öðrum og eldri skuldum félagsins við bankann. Þær námu þá um 5.035 milljónum króna. Með hliðsjón af markaðsvirði hlutabréfa í bankanum var veðþekja félagsins gagnvart bankanum á þessum tíma í byrjun ágúst 2008 í mesta lagi 108% eða mun lægri en lágmarksveðþekja samkvæmt fyrri nefndum útlánareglum bankans og lánssamningnum. Eðli málsins samkvæmt, þar sem lánveiting bankans í ágúst 2008 miðaðist við kaup félagsins á hlutum í bankanum á markaðsverði, breyttist sú veðþekja ekki við hana. Augljóst má telja í ljósi

framangreindra staðreynda um skuldastöðu félagsins og tryggingar þess gagnvart bankanum að fyrnefnt ákvæði um veðþekju lánnssamningsins, dags. 11. ágúst 2008, sem áður var vitnað til, gat aldrei þýtt að hlutir félagsins í Kaupþingi banka hf. stæðu sérstaklega eða aðeins til tryggingar skuld samkvæmt þeim lánnssamningi heldur varð að meta veðþekju samningsins miðað við heildarskuldir félagsins við bankann, sem tryggðar voru með sama veði. Samkvæmt því er jafnframt ljóst að mjög skorti á frá upphafi að fullnægjandi tryggingar væru fyrir láninu, hvort heldur samkvæmt reglubók bankans eða lánnssamningnum sjálfum. Fleiri ákvæði reglubókarinnar voru ekki virt við veitingu lánsins, svo sem um að engar útgreiðslur væru heimilar fyrir en gild útlánaákvörðun hefði verið tekin. Sem fyrir segir var veiting lánsins til ákærða aldrei lögð fyrir stjórn bankans, svo sem bar ótvírætt að gera, né neina aðra hugsanlega ákvarðanatökuaðila innan bankans. Því er ljóst að engin gild útlánaákvörðun var tekin um veitingu lánsins. Lánsfjárhæðin var engu að síður greidd út 21. ágúst 2008, eins og nánar er rakið í röksemendum með ákærukafla I-b hér á eftir. Jafnframt var áskilið í reglubókinni að öllum nauðsynlegum skjölum vegna útlánaákvörðunar skyldi hafa verið skilað, undirrituðum af lánþega, ábyrgðarmanni eða öðrum viðkomandi aðila og að skuldari hefði áður lagt fram tryggingar í samræmi við útlánaákvörðunina. Ljóst er af gögnum málsins að ekki var skrifð undir lánnssamning, dags. 11. ágúst 2008, og fyrnefndan viðauka við veðsamning, dags. sama dag, fyrir en mörgum vikum eftir það tímamark. Gerningarnir voru því dagsettir aftur í tímamann. Fyrnefndum ákvæðum reglubókarinnar um veðþekju var með beinum hætti ætlað að takmarka fjártjónshættu bankans við útlán. Önnur framangreind ákvæði reglubókarinnar höfðu í reynd sama markmið, enda þótt þau vörðuðu málsmeðferðarreglur við útlán.

Að auki var lánið aðeins tryggt með veði í hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. sjálfum. Staða bankans og horfur í rekstri hans voru tvísýnar á þessum tíma og höfðu verið um nokkurt skeið. Fólst því í veðinu lítið tryggingagildi fyrir bankann. Í ljósi stöðu ákærða innan bankans má telja ólíklegt annað en að hann hafi verið meðvitaður um það. Að auki var ákærða sérstaklega ljóst að skráð markaðsverð hlutabréfa í bankanum gaf á þessum tíma ranga mynd af verðmæti þeirra og hærri en efni stöðu til, vegna langvarandi og stórfeldrar markaðsmisnotkunar með hlutabréf í bankanum sem hafði þá staðið yfir að minnsta kosti frá nóvember 2007 og ákærði átti þátt í. Um það atriði er nánar sjallað í röksemendum með ákærukafla II hér á eftir og vísast nánar til þess.

Eins og lýst er í ákærutexta fór svo einkahlutafélagið var úrskurðað gjaldþrota í apríl 2011 og greiddist einungis tiltölulega óveruleg fjárhæð upp í kröfu þáverandi kröfuhafa, Arion banka hf., vegna lánsins. Ljóst er því að lánveitingin olli einnig nánast fullu fjártjóni í reynd.

2 Röksemadir fyrir ákærukafla I-b

Í ákærukafla I-b er ákærðu Guðnyju Örnú gefin að sök hlutdeild í umboðssvikum ákærða Hreiðars Más samkvæmt ákærukafla I-a.

Ákærða var fjármálastjóri Kaupþings banka hf. þegar atvik málsins gerðust og hafði gegnt þeirri stöðu frá árinu 2003. Næsti yfirmaður hennar var ákærði Hreiðar Már. Af gögnum og framburðum í málínu má ráða að eitt þeirra verkefna sem ákærða sinnti í starfi sínu fyrir bankann hafi verið umsjón og utanumhald með lánveitingum í þágu starfsmanna bankans, einkum þá hinna æðra settu og þar á meðal forstjóra, vegna kaupa þeirra á hlutabréfum í bankanum. Gögn og framburðir í málínu þykja sýna fram á að ákærða hafi með liðsinni í verki átt þátt í því að umboðssvik ákærða Hreiðars Más voru framin.

Ákærða mun formlega hafa verið í orlofi fram yfir miðjan ágúst 2008. Gögn málsins sýna þó að hún átti ítrekuð tölvupóstsamskipti allt frá 12. ágúst 2008 við starfsmenn Kaupþings banka

hf. varðandi þau viðskipti sem lýst er í ákærukafla I-a. Í meginatriðum vann þá ákærða að því með fyrirmælum og samskiptum við lægra setta starfsmenn bankans að gengið væri frá uppgjöri og skjalavinnslu, þar á meðal gerð lánssamnings og ákvörðun kjara, vegna þeirra viðskipta og lánveitingar sem hér um ræðir.

Í gögnum málsins er meðal annars tölvupóstur starfsmanns eignastýringar bankans til ákærðu, dags. 12. ágúst 2008, sem hafði að geyma upplýsingar um fyrirhugaðar lánveitingar vegna nýtingar ákærða Hreiðars Más og stjórnarformanns bankans 6. ágúst 2008 á samsvarandi kaupréttum sínum (það er að 812.000 hlutum í bankanum á genginu 303 krónur á hlut), sbr. röksemdir með ákærukafla I-a. Af þessum upplýsingum mátti ótvírett sjá að fyrirhuguð lánveiting til HMS ehf. vegna nýtingar ákærða á kauprétti sínum var tæpar 572 milljónir króna en fyrirhuguð lánveiting til stjórnarformannsins tæpar 247 milljónir króna. Hafa ber í huga hér að síðarnefnda fjárhæðin svaraði næstum nákvæmlega til kaupverðs hinna 812.000 hluta á kaupréttargenginu 303. Ákærða svaraði þessum tölvupósti samdægurs svo: „Skik [svo] tetta ekki keyptu teir ekki jafn marga hluti“. Í svari starfsmannsins við þessari spurningu ákærðu sagði meðal annars: „Þeir eru ekki að kaupa á sama gengi, sá ég á viðskiptanótunni“. Daginn eftir, 13. ágúst 2008, svaraði ákærða starfsmanninum loks með svofelldum hætti: „Eg er buin ad atta mig a tessu tad er hms rhf [svo] sem er haetri ekki satt / Viltu lika fletta upp á hms sjalfum fyrir mig“.

Samkvæmt gögnum málsins sendi ákærða starfsmanni bankans tölvupóst 20. ágúst 2008 og bað um uppfærða útgáfu af svonefndu „STM skjali“. Í því skjali, sem var á töfluformi, var haldið utan um veðstöðu bankans vegna lána til starfsmanna bankans og eftir atvikum tengdra aðila, einkum félaga í eigu starfsmanna. Ákærða fékk skjalið sent samdægurs í tölvupósti. Í því voru meðal annars upplýsingar um heildarlánveitingar til HMS ehf. sem og verðmæti trygginga og veðhlutfall bankans gagnvart féluginu. Fram kom meðal annars að veðþekja félagsins væri þá 106% og félagið væri með neikvæða eign upp á rúmar 686 milljónir króna miðað við 120% veðkröfu og neikvæða eign upp á rúmar 1.464 milljónir króna miðað við 150% veðkröfu. Í töflunni var dálkur með yfirskriftinni „Veðhlutfall – athugasemdir“. Í línunni fyrir HMS ehf. í töflunni kom fram í reit, sem fylltur var með rauðum lit, í fyrnlefndum dálki: „Vantar veð“. Gögn málsins sýna að ákærða óskaði eftir því í tölvupósti til sama starfsmanns bankans viku síðar eða 27. ágúst 2008 að fá sent uppfært STM skjal. Starfsmaðurinn sendi ákærðu slíkt skjal daginn eftir með tölvupósti. Í því komu í meginatriðum sömu upplýsingar fram um skuldir og tryggingastöðu HMS ehf.

Í tölvupóstsamskiptum við starfsmann á fjármálasviði bankans 21. ágúst 2008 mælti ákærða fyrir um að greiddar yrðu 571.648.350 krónur af fjármunum bankans inn á bankareikning félags ákærða vegna umræddrar lánveitingar. Með fyrirmælunum lét ákærða fylgja eftirfarandi skýringu: „vegna lánasamnings tengt kauprétti Hreiðar Már Sigurðsson og viðskipta við Hreiðar Már Sigurðsson ehf.“. Í sömu tölvupóstsamskiptum mælti ákærða einnig fyrir um sambærilega útgreiðslu vegna lánveitingar bankans til stjórnarformanns hans út af nýtingu hans á kauprétti sínum, sbr. áður. Sú útgreiðsla nam tæpum 247 milljónum króna.

Síðari hluta ágústmánaðar 2008 var gengið frá lánssamningum vegna umræddra lána til ákærða og stjórnarformannsins. Af því tilefni átti sá starfsmaður bankans sem hafði það verk með höndum tölvupóstsamskipti við ákærðu og fleiri starfsmenn bankans þar sem meðal annars var óskað eftir upplýsingum um fjölda hluta í Kaupþingi banka hf. sem lánin væru fyrir. Ákærða svaraði þessari fyrirspurn með tölvupósti, dags. 29. ágúst 2008, á þann hátt að fjöldi hluta væri 812.000. Umræddur starfsmaður sendi þá ákærðu samdægurs tölvupóst sem hljóðaði svo: „Er

sami fjöldi á báða – Hreiðar er með 324M hærra lán?“ Ákærða svaraði þeim tölvupósti samdægurs svo: „sami fjöldi á báða“.

Hinn 9. september 2008 fékk ákærða loks tölvupóst frá starfsmanni bankans þar sem tilkynnt var að „samningar SE og HMS [væru] tilbúnir til undirritunar“ en ljóst er að hvað ákærða varðar var þar vísað til samnings um þá lánveitingu til félags hans, HMS ehf., sem hér um ræðir. Starfsmaðurinn beindi þeiri spurningu til ákærðu hvort ákærða myndi taka við samningunum eða hvort starfsmaðurinn ætti að hafa samband við þá beint. Ákærða svaraði og fól starfsmanninum að hafa samband við þá beint.

Ákærða var fjármálastjóri Kaupþings banka hf. til margra ára og veigamikill og nauðsynlegur hlekkur í verknaðarferlinu við brot ákærða samkvæmt ákærufla I-a. Ofangreind gögn og önnur gögn málsins þykja sýna fram á að hún hafi haft vitneskju um tildrog og fyrirkomulag þeirra viðskipta og lánveitingar til félags ákærða sem lýst er í ákærufla I-a og í röksemduum hér framar og ekki getað dulist að lánveitingin til félags ákærða var óheimil, ekki í samræmi við ákvæði reglugókar bankans og til þess fallin að valda bankanum verulegri fjártjónshættu. Um verulega fjártjónshættu er nánar vísað, að breyttum breytanda, til umfjöllunar í kafla 1.3.3 hér á undan. Að minnsta kosti er talið, með vísan til sömu atriða, að ákærðu hafi mátt vera þetta ljóst en látið sér það í léttu rúmi liggja og veitt liðsinni sitt engu að síður.

3 Röksemadir fyrir ákærufla II

Í ákærufla II eru ákærða Hreiðari Má gefin að sök innherjasvik með sölu hans á hlutum í Kaupþingi banka hf. til félags ákærða, Hreiðar Már Sigurðsson ehf., sem lýst er í ákæruflanum.

Með kæru, dags. 27. maí 2011, kærði Fjármálaeftirlitið ákærða til embættis sérstaks saksóknara fyrir meint brot gegn 123. og 126. gr. laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti, með þessari háttsemi. Fyrri lagagreinin varðar innherjasvik. Kærðan var send með visan til 148. gr. laga um verðbréfaviðskipti. Kærð háttsemi laut meðal annars að þeiri háttsemi sem þessi ákæruflaflí varðar. Tekið var fram í kærunni að málið kynni einnig að varða brot gegn almennum hegningarlögum nr. 19/1940 og var rannsókn á þeim hluta málsins vísað til embættis sérstaks saksóknara, sbr. ákærufla I.


Eins og áður kom fram var ákærði Hreiðar Már forstjóri Kaupþings banka hf. þegar atvik málsins gerðust. Áður var einnig lýst öðrum trúnaðarstörfum ákærða fyrir bankann. Ákærði var í hópi fruminnherja hjá bankanum samkvæmt tilkynningu bankans sem útgefanda verðbréfa um fruminnherja, dags. 1. ágúst 2008, sem send var Fjármálaeftirlitinu.

Í ákæruflanum er lýst þeim innherjaupplýsingum sem ákærði telst hafa búið yfir við sölu hlutabréfanna, sbr. 120. gr. laga um verðbréfaviðskipti og 2. gr. reglugerðar nr. 30/2005, um innherjaupplýsingar og markaðssvik. Upplýsingarnar vörðuðu Kaupþing banka hf. með beinum hætti og höfðu ekki verið gerðar opinberar á þessum tíma. Augljóst má telja að þær hefðu verið liklegar til að hafa marktæk áhrif til lækkunar á verð hlutabréfa í bankanum hefðu þær verið opinberar. Upplýsingarnar voru einnig nægjanlega tilgreindar. Þær vörðuðu ólögmæta og refsiverða háttsemi með markaðsmisnotkun með hlutabréf í bankanum sem ákærði átti sjálfur þátt í og var beinlínis ætlað að halda uppi og gefa ranga mynd af verðmæti hlutabréfa í bankanum. Sú markaðsmisnotkun stóð yfir þegar ákærði seldi hlutabréf sín í bankanum umrætt sinn og hafði þá varað að minnsta kosti frá nóvember 2007 eða í um níu mánuði. Markaðsmisnotkunin hélt svo óslitið áfram allt til falls bankans í október 2008.

Með ákæru sérstaks saksóknara sem gefin var út 15. mars 2013 var ákærði ásamt öðrum ákærður fyrir meðal annars framangreinda háttsemi, sbr. I. og II. kafla þeirrar ákæru. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-206/2013 sem kveðinn var upp 26. júní 2015 var ákærði sakfelldur fyrir háttsemi samkvæmt I. kafla þeirrar ákæru en sýknaður af sakargistum samkvæmt II. kafla hennar. Dóminum var áfrýjað af hálfu ákærða meðal annarra og sætir málið nú dómsmeðferð Hæstaréttar sem mál nr. 498/2015. Málið var flutt fyrir réttinum og tekið til dóms 9. september 2016.

Hvað varðar heimfærslu til refsíákvæða hér er loks bent á ákvæði 2. töltuliðar 2. mgr. 123. gr. laga um verðbréfaviðskipti en samkvæmt því tekur ákvæði 1. mgr. sömu lagagreinar einnig til aðila sem búa yfir innherjaupplýsingum á grundvelli ólögmæts atferlis.

Skrifstofu embættis héraðssaksóknara,
Reykjavík, 19. september 2016,



Þórir Þorvaldsson, saksóknari